

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/123/EB

2015/EES/55/41

frá 21. október 2009

um breytingu á tilskipun 2005/35/EB um mengun sem á upptök sín um borð í skipum og innleiðingu viðurlaga við brotum (*)

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilgangurinn með tilskipun 2005/35/EB ⁽³⁾ og þessari tilskipun er að samræma skilgreiningu á brotum einstaklinga eða lögaðila að því er varðar mengun sem á upptök sín um borð í skipum, umfang ábyrgðar þeirra og tegund refsiviðurlaga sem beita má að því er varðar refsiverð brot einstaklinga.
- 2) Hinn 23. október 2007 ógilti Evrópudómstóllinn ⁽⁴⁾ rammaákvörðun ráðsins 2005/667/DIM frá 12. júlí 2005 um að herða lagarammann á sviði refsilaga til að framfylgja lögum gegn mengun sem á upptök sín í skipum ⁽⁵⁾, og þar með hefur ráðstöfunum á sviði refsiréttar verið bætt við tilskipun 2005/35/EB. Þessi tilskipun á að fylla upp í glufur í löggjöfinni í kjölfar dóms.

3) Refsiviðurlög, sem sýna fram á annars konar félagsleg vanþóknun en stjórnarsýsluviðurlög, styrkja að farið sé að gildandi ákvæðum löggjafar um mengun sem á upptök sín um borð í skipum og skulu þessi ákvæði vera nægilega ströng til að letja alla þá sem hyggjast valda mengun að brjóta í bága við þessi ákvæði.

4) Samræmdar löggjafarráðstafanir hafa þegar verið samþykktar á vettvangi Evrópusambandsins til að efla öryggi á hafinu og aðstoða við að koma í veg fyrir mengun sem á upptök sín um borð í skipum. Löggjöfin, sem um er að ræða, er beint til fánarríkja, eigenda og leigutaka skipa, flokkunarfélaga, hafnarríkja og strandríkja. Nauðsynlegt er að styrkja núverandi kerfi viðurlaga við ólöglegri losun mengandi efna, sem er viðbót við þá löggjöf, með því að innleiða refsiviðurlög.

5) Samkvæmt sameiginlegum reglum um refsiviðurlög er mögulegt að nota skilvirkari rannsóknaraðferðir og koma á skilvirkari samvinnu innan aðildarríkja og á milli þeirra.

6) Aðildarríkin skulu einnig beita viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi fyrir lögaðila í gervöllu Bandalaginu sökum tíðra brota í tengslum við mengun sem á upptök sín um borð í skipum og sem eru framin í þágu lögaðila eða í tengslum við hagsmuni þeirra.

7) Ekki skulu vera aðrar undanþágur frá gildissviði tilskipunar 2005/35/EB nema þær sem settar eru fram í þessari tilskipun. Því skulu tilteknir hópar einstaklinga og lögaðila, s.s. eigendur farms eða flokkunarfélög, falla undir gildissvið þeirrar tilskipunar.

8) Þessi tilskipun skyldar aðildarríki til að kveða í löggjöf sinni á um refsiviðurlög að því er varðar losun mengandi efna sem þessi tilskipun gildir um. Þessi tilskipun skal ekki hafa í för með sér skuldbindingar að því er varðar beitingu slíkra viðurlaga eða annarra, tiltækra löggæslukerfa, í hverju tilviki fyrir sig.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 280, 27.10.2009, bls. 52. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 188/2015 frá 10. júlí 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 77, 31.3.2009, bls. 69.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 5. maí 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 14. september 2009.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 11.

⁽⁴⁾ Mál C-440/05 framkvæmdastjórnin gegn ráðinu, dómasafn EB (2007), I-9097.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 164.

9) Samkvæmt þessari tilskipun, skal litið svo á að ólögleg losun mengandi efna sem eiga upptök sín um borð í skipum, sé refsiverður verknaður þegar losunin er framkvæmd af ásetningi, gáleysi eða vegna alvarlegrar vanrækslu eða þegar hún hefur í för með sér að gæði vatnsins spillast. Ekki er nauðsynlegt að líta á tilvik ólöglegrar losunar mengandi efna sem eiga upptök sín um borð í skipum, sem eru ekki mjög alvarleg og spilla ekki gæðum vatnsins, sem refsiverðan verknaður. Samkvæmt þessari tilskipun telst slík losun til minniháttar tilvika.

10) Í ljósi nauðsynjar þess að tryggja hátt öryggisstig og verndun umhverfisins á sviði sjóflutninga ásamt þeirri nauðsyn að tryggja skilvirkni meginreglunnar um að sá aðili sem veldur mengun greiði fyrir umhverfistjónið, skal litið svo á að endurtekin, minniháttar tilvik, þar sem hvert tilvik spillir ekki gæðum vatnsins heldur samsafn tilvika, teljist refsiverður verknaður.

11) Þessi tilskipun er með fyrirvara um önnur bótaábyrgðarkerfi fyrir tjón, sem verður sökum mengunar sem á upptök sín um borð í skipum, samkvæmt löggjöf Bandalagsins, landslögum eða alþjóðalögum.

12) Lögsaga, að því er varðar refsiverðan verknað, skal ákveðin í samræmi við lög aðildarríkja og í samræmi við skuldbindingar þeirra samkvæmt alþjóðalögum.

13) Aðildarríki skulu láta framkvæmdastjórninni í té upplýsingar um framkvæmd þessarar tilskipunar til þess að gera framkvæmdastjórninni kleift að meta áhrif hennar.

14) Þar eð aðildarríkin ein og sér geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, vegna tjóns sem viðkomandi atferli getur haft í för með sér yfir landamæri og vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

15) Með þessari tilskipun eru grundvallarréttindi virt og farið að meginreglunum sem eru viðurkenndar í 6. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og endurspeglast í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.

16) Í samræmi við 34. mgr. samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu⁽¹⁾ eru aðildarríkin hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Bandalagsins, að

taka saman og birta sínar eigin töflur sem sýna, eftir því sem kostur er, samsvörun milli þessarar tilskipunar og lögleiðingarráðstafana þeirra.

17) Því ber að breyta tilskipun 2005/35/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2005/35/EB

Tilskipun 2005/35/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað titilsins komi eftirfarandi:

„Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um mengun sem á upptök sín um borð í skipum og innleiðingu viðurlaga, þ.m.t. refsiviðurlaga sökum mengunarbrota“.

2. Í stað 1. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. Tilgangurinn með þessari tilskipun er að taka upp í lög Bandalagsins alþjóðlegar viðmiðanir varðandi mengun sem á upptök sín í skipum og tryggja að einstaklingar, sem bera ábyrgð á losun mengandi efna, sæti hæfilegum viðurlögum, þ.m.t. refsiviðurlögum, til að bæta siglingaöryggi og auka vernd sjávarumhverfis gegn mengun af völdum skipa.“

3. Eftirfarandi liður bætist við 2. gr.

„5. „lögaðili“: sérhver lögaðili sem hefur þá stöðu samkvæmt gildandi landslögum, að undanteknum ríkjum eða öðrum opinberum aðilum sem fara með ríkisvald eða opinberum alþjóðastofnunum.“

4. Í stað 4. og 5. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr.“

Brot

1. Aðildarríki skulu tryggja að litið sé á losun mengandi efna sem eiga upptök sín í skipum, þ.m.t. minniháttar tilvik slíkrar losunar, á hvers konar svæðum, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., sem brot ef þau eru framin af ásetningi, gáleysi eða vegna alvarlegrar vanrækslu.

2. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að draga megi hvern einstakling eða lögaðila, sem hefur framið brot í skilningi 1. mgr., til ábyrgðar.

⁽¹⁾ Stjótt. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

5. gr.

Undantekningar

1. Ekki skal litið á losun mengandi efna á hvers konar svæðum, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., sem brot ef hún uppfyllir skilyrðin sem eru sett fram í reglu 15, 34, 4.1 eða 4.3 í I. viðauka eða reglu 13, 3.1.1 eða 3.1.3 í II. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78.

2. Ekki skal litið á losun mengandi efna á svæðum, sem um getur í c-, d- og e-lið 1. mgr. 3. gr., sem brot af hálfu eiganda, skipstjóra eða áhafnar ef hún uppfyllir skilyrðin, sem eru sett fram í reglu 4.2 í I. viðauka eða í reglu 3.1.2 í II. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78.“

5. Eftirfarandi greinar bætist við á eftir 5. gr.:

„5. gr. a

Refsiverður verknaður

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að litið sé á brot, í skilningi 4. og 5. gr., sem refsiverðan verknað.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um minniháttar tilvik þegar verknaður sem er framinn spillir ekki gæðum vatnsins.

3. Endurtekin minniháttar tilvik, þar sem hvert tilvik spillir ekki gæðum vatnsins heldur samsafn tilvika, teljast refsiverður verknaður, ef þau eru framin af ásetningi, gáleysi eða vegna alvarlegrar vanrækslu.

5. gr. b

Áeggjan, aðstoð og hvatning

Aðildarríki skulu tryggja að áeggjan, aðstoð og hvatning við brot, sem framið er af ásetningi og sem um getur í 1. og 3. mgr. 5. gr. a, sé refsivert hegningarlaga brot.“

6. Í stað 8. gr. komi eftirfarandi:

„8. gr.

Viðurlög

Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að við brotum, í skilningi 4. og 5. gr., séu refsiviðurlög sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.“

7. Eftirfarandi greinar bætist við á eftir 8. gr.:

„8. gr. a

Viðurlög gagnvart einstaklingum

Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að við brotum, sem um getur í 1. og 3. mgr. 5. gr. a og 5. gr. b, séu refsiviðurlög sem eru skilvirk, hlutfallsleg og letjandi.

8. gr. b

Ábyrgð lögaðila

1. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að draga megi lögaðila til ábyrgðar fyrir refsiverðan verknað, sem um getur í 1. og 3. mgr. 5. gr. a og 5. gr. b og sem einstaklingur fremur í þágu lögaðilans, annaðhvort einn eða sem starfsmaður stofnunar lögaðilans þar sem hann gegnir stjórnunarstöðu á grundvelli:

a) heimildar til að koma fram fyrir hönd lögaðilans,

b) heimildar til að taka ákvarðanir fyrir hönd lögaðilans eða

c) valds til að fara með stjórn mála innan lögaðilans.

2. Hvert aðildarríki skal einnig tryggja að draga megi lögaðila til ábyrgðar ef skortur á eftirliti eða umsjón af hálfu einstaklings, sem um getur í 1. mgr., hefur gert einstaklingi á vegum lögaðilans kleift að fremja refsiverðan verknað, sem um getur í 1. og 3. mgr. 5. gr. a og 5. gr. b, í þágu hans.

3. Ábyrgð lögaðilans, skv. 1. og 2. mgr., skal ekki útiloka meðferð sakamála gagnvart einstaklingum sem hlut eiga sem brotamenn, hvatamenn eða vitorðsmenn í refsiverðum brotum sem um getur í 1. og 3. mgr. 5. gr. a og 5. gr. b.

8. gr. c

Viðurlög gagnvart lögaðilum

Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lögaðilar, sem dregnir eru til ábyrgðar, skv. 8. gr. b, sæti viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.“

2. gr.

Lögleiðing

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 16. nóvember 2010. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 21. október 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. BUZEK

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

C. MALMSTRÖM

forseti.
